

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr.225/1995

14. gr.

Menntamálaráðuneytið skal árlega afla upplýsinga um tiltekna þætti í starfsemi leikskóla, sbr.15.og16.gr. reglugerðar þessarar. Sveitarstjórn skal senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu leikskóla fyrir 1. júní ár hvert. Í sveitarfélögum þar sem reknir eru tveir leikskólar eða fleiri skal senda menntamálaráðuneytinu eina ársskýrslu sameiginlega fyrir alla leikskóla sem reknir eru í sveitarfélaginu. Ákvæði þetta tekur til allra leikskóla og er leikskólum sem starfa á grundvelli rekstrarleyfis skv. 7. gr. laga nr 78/1994 skylt að gefa leikskólanefnd umbeðnar upplýsingar.

Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar	2
Leikskólar.....	2
Breytingar og viðhald.....	4
Starfsgrundvöllur	5
Uppeldisstarf, áherslur, markmið og matsaðferðir	5
Skipulag	5
Starfið síðastliðið leikskólaár.....	6
Starfsáætlun.....	6
Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður.....	6
Próunar- og nýbreytnistarf	6
Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.	7
Stytttri kynnisferðir:.....	7
Lengri ferðir:.....	7
Menningarviðburðir:.....	7
Aðrar skemmtanir:	7
Kynning á leikskólanum út á við:	7
Starfsmenn	8
Stöðugildi	8
Skipulags- og námskeiðsdagar	8
Börn	9
Fjöldi barna	9
Sérkennsla	9
Foreldrasamstarf	9
Áherslur og markmið	9
Foreldrafundir	9
Foreldraviðtöl, fréttabréf	9
Opið hús - opin vika.....	10
Foreldrafélög	10
Samstarf - fræðsla - ráðgjöf.....	10
Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila	10
Nemar	10
Samstarf við grunnskóla.....	10
Fyrirlestrar, námskeið, ráðstefnur og fl.	11
Lokaorð	12

Almennar upplýsingar

Leikskólar

Reykjanesbær rekur sjö leikskóla. Starf allra leikskólanna grundvallast á lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla sem tók gildi 1. júlí 1999. Nýr leikskóli, Hjallatún tók til starfa 8. janúar 2001.

Hér á eftir fer yfirlit yfir starfsemi leikskólanna í Reykjanesbæ ásamt helstu áherslum í leikskólastarfi í hverjum skóla ásamt öðrum upplýsingum.

Garðasel Hólmgarði 4 - sími: 421-3252 netfang: gardasel@reykjanesbaer.is

Leikskólastjóri: Ingibjörg Guðjónsdóttir.

Leikskólinn Garðasel tók til starfa 1974. Starfsemin fer fram í tveimur húsum. Flatarmál húsa er 577,9 m², nettóstærð leikrýmis er 314,8 m² og flatarmál lóðar er 4250 m². Garðasel er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Alls voru 125 börn í leikskólanum. Tvær heilsdagsdeildir leikskólans eru aldurskiptar, 2-4 ára og 4-6 ára. Útivistarsvæði er bæði stórt og gott. Stutt er í vettvangs- og gönguferðir jafnt sumar sem vetur. Í leikskólanum er lögð áhersla á að hver einstaklingur fái að þroskast og dafna eftir því sem best verður á kosið. Mikil áhersla er lögð á hreyfingu og markvisst hreyfinám er einu sinni í viku en skipulögð leikfimiáætlun hefur verið í Garðaseli síðan 1991. Á hverju ári er haldin sýning í Íþróttahúsi Keflavíkur í boði íþróttakennara þar sem börnin sýna afrakstur kennslunnar, foreldrum/forráðamönnum er boðið á sýninguna.

Gimli, Hlíðarvegi 7 - sími: 421-5707 netfang: gimli@reykjanesbaer.is

Leikskólastjóri: Sigurbjört Kristjánsdóttir.

Leikskólinn Gimli tók til starfa 1971. Flatarmál húss er 400,7 m², nettóstærð leikrýmis er 184,1 m² og flatarmál lóðar er 3540 m². Gimli var þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ár, en er nú fjögurra deilda þar sem salurinn var tekinn undir starfsemi deildar. Alls voru 102 börn í leikskólanum. Leikskólinn er í gamalgrónu hverfi. Stutt í skemmtilegar gönguleiðir, s.s. móann, Barnalund og skruðgarðinn.

Leikskólinn starfar eftir Hjallastefnunni og lögð er áhersla á einfalt og jákvætt starfsumhverfi, sem einkennist af vináttu, kærleika, virðingu og gleði. Í gegnum hið daglega starf hefur sérstök áhersla verið lögð á samskipti, hegðun og einnstaklingsræktun. Í byrjun árs 1999 var farið að starfa eftir svokallaðri Hjallastefnu. Þessi stefna byggir á einfaldleika, ögun og sundurgreiningu. Hluti af þeirri stefnu er svonefnd kynjaskipting. Viðtöl við starfsfólk og foreldra hafa leitt í ljós að áhersluatriði og markmið sem unnið er eftir hafa fallið í góðan jarðveg.

Heiðarsel Heiðarbraut 27 - sími: 421-1554 netfang: heidarsel@reykjanesbaer.is

Leikskólastjóri: Ingibjörg Hilmarsdóttir.

Leikskólinn Heiðarsel tók til starfa 1990. Flatarmál húss er 592,2 m², nettóstærð leikrýmis er 272 m² og flatarmál lóðar er 4798 m². Heiðarsel er þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Alls voru 109 börn í leikskólanum. Leikskólinn stendur á falletum stað með góðu útsýni yfir byggðina. Útivistarsvæðið er mjög skemmtilegt. Góðir möguleikar eru til vettvangsferða um nánasta umhverfi.

Lögð er áhersla á einfaldleika í umhverfinu og efnivið. Með því telur starfsfólk að barnið sjálft sé í fyrirrúmi og fái að njóta sín sem einstaklingur á sínum forsendum í leik og starfi. Leikskólinn setur sér fimm meginmarkmið: skapandi starf - sjálfstæði - tjáningu - leikgleði og foreldrasamstarf.

Hjallatún, Vallarbraut 20 – sími 421-7404 netfang: hjallatun@reykjanesbaer.is

Leikskólastjóri: Gerður Pétursdóttir.

Leikskólinn Hjallatún tók til starfa 8. janúar 2001. Flatarmál húss er 659,80m², nettóstærð leikrýmis er 333m² og flatarmál lóðar er 4480m². Leikskólinn er staðsettur miðsvæðis í bænum. Hjallatún er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Í maí voru alls 93 börn í leikskólanum.

Leikurinn í allri sinn fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans. Áhersla er lögð á að hver einstaklingur fái að njóta sín. Í leikskólanum er lögð áhersla á nærveru og hlýju. Leitast er við að efla tilfinningagreind barna og leggja grundvöll að því að þau verði sjálfstæð, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjófélagi sem er í örri og sífeldri þróun.

Holt Stapagötu 10 - sími: 421-6100 netfang: holt@reykjanesbaer.is

Heimasíða: reykjanesbaer.is/holt

Leikskólastjóri: Kristín Helgadóttir.

Leikskólinn Holt tók til starfa 1985. Flatarmál húss er 300 m², nettóstærð leikrýmis er 151 m² og flatarmál lóðar er 4100 m². Leikskólinn stendur í landi jarðarinnar Holts og var því ákveðið að hann bæri nafn hennar. Holt er tveggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Alls voru 63 börn í leikskólanum. Umhverfi leikskólans býður upp á afar skemmtilega möguleika hvað varðar útivist og vettvangsferðir jafnt sumar sem vetur. Markmið leikskólans er að hver og einn einstaklingur öðlist virðingu fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu. Lögð er áhersla á að nýta frjálsan leik markvisst sem uppeldistæki. Leikgleði barnanna og áhugi þeirra fyrir líðandi stund er hafður í fyrirrúmi í allri starfsemi. Í leikskólanum er lögð áhersla á tónlistaruppeldi en undanfarin níu ár hefur starfsgrundvöllur leikskólans miðast við tónlistar- og hreyfiuppeldi.

Tjarnarsel, Tjarnargötu 19 - sími: 421 4204 netfang: tjarnarsel@reykjanesbaer.is

Heimasíða: reykjanesbaer.is/tjarnarsel

Leikskólastjóri: Inga María Ingvarsdóttir.

Leikskólinn Tjarnarsel er elsti leikskóli Reykjanesbæjar, en hann hóf starfsemi 1967. Flatarmál húss er 601 m², nettóstærð leikrýmis 304,6 m² og flatarmál lóðar er 1840 m². Tjarnarsel er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Alls voru 102 börn í leikskólanum. Leikskólinn er í hjarta bæjarins í gamalgrönu hverfi. Stutt er í vettvangsferðir í nánasta umhverfi, s.s. skrudgarðinn og gamla bæinn.

Einkunnarorð leikskólans eru hreyfing, uppgötvun, lífsgleði og vinátta. Starfið byggist á einfaldleika þar sem reynir á ímyndun, sköpun og skynjun barnsins. Allt sem gert er með barninu í leikskólanum fer fram í gegnum leikinn á forsendum barnsins. Markmiðið er að hver einstaklingur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu.

Vesturberg, Vesturbraut 13- sími 421-7079 netfang: vesturberg@reykjanesbaer.is

Leikskólastjóri: Brynja Aðalbergsdóttir.

Leikskólinn Vesturberg tók til starfa sumarið 1997. Hann er í tvílyftu húsi og staðsettur vestast í bænum. Flatarmál húss er 240 m², nettóstærð leikrýmis er 111,2 m² og flatarmál lóðar er 1430 m². Vesturberg er opinn leikskóli þar sem allt leikrými barnanna er sameiginlegt. Börnin eru á aldrinum 2-6 ára. Alls voru 46 börn í leikskólanum. Umhverfið býður upp á mikla möguleika hvað varðar útivist og vettvangsferðir.

Í leikskólanum eru uppeldislegar áherslur einkum tvær, annars vegar að virða sjálfsákvörðunarrétt barnanna og hins vegar að virða frjálsan leik þeirra og líta á hann sem kjarna uppeldisstarfsins. Leitast er við að efla frumkvæði, sköpunarþörf og ímyndunarafl barnanna. Skilyrði eru sköpuð til að rækta vináttu milli barnanna og vináttu milli barna og starfsfólks.

Breytingar og viðhald

Engar verulegar breytingar hafa verið unnar í leikskólunum á sl. skólaári þ.e. frá 1. september til 31. ágúst 2001 fyrir utan almennt viðhald. Leikskólarnir eru vel búnir tölvum og allir eru þeir tölvutengdir. Faxtæki er í öllum leikskólum bæjarins. Almennt má segja að leikskólarnir séu vel tækjum búnir og í Vesturbergi er leirbrennsluofn sem hinir leikskólarnir geta nýtt sér. Snyrting lóða var með venjubundnum hætti og skipt um sand í sandkössum.

Garðasel: Nýtt bíslag var byggt við annað húsið. Bætt við skáp í sal. Sorptunnur endurnýjaðar. Hugað er að endurskipulagningu skólans árið 2002.

Gimli: Minniháttar lagfæringar voru unnar s.s. málað, skipt um rúður, þakrennur lagaðar og niðurföll hreinsuð.

Heiðarsel: Skiptiborð sett inn á allar deildir. Bætt við tveimur fatahólfum á hverja deild. Skápar lagfærðir og skápur undir dýnur settur á eina deildina. Skrifstofa, gangur og forstofur voru máluð. Bætt við tveimur rólum á útisvæði.

Hjallatún: Unnið var við að lagfæra ýmsa galla sem komið hafa fram. Klæða varð nokkra gipsveggi leikskólans með sprautuðum krossvið.

Holt: Bætt var við fatahólfum. Enn sem fyrr var dregið úr öllum framkvæmdum innanhúss sem utan vegna fyrirhugaðrar stækkunar leikskólans.

Tjarnarsel: Viðhald lóðar og leiktækja verður skipt niður á tvö ár. Í ár var nýr kastali og sandkassi settur á lóð leikskólans. Hellulagt var í kringum kastalann.

Vesturberg: Þvottaherbergi var lokað af með hurð. Starfsmannaástaða og salur málaður. Gert við múrskemmdir í sal. Skipt um jarðveg undir rólum. Á útileiksvæði var sett nýtt leiktæki „stöpull“ en það er eins og sveppur að lögun með kaðla hangandi niður úr.

Starfsgrundvöllur

Uppeldisstarf, áherslur, markmið og matsaðferðir

Allir leikskólarnir byggja starf sitt á lögum og reglugerðum um leikskóla og aðalnámskrá sem tók gildi 1. júlí 1999. Námskráin er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskólum og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra.

Leikskólastarf byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri grundvallarhugmyndafræði sem sótt er til kenninga og rita ýmissa heimspekinga og uppeldisfrömuða.

Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna enda sýna rannsóknir að lítil börn læra og þroskast best í leik.

Hver skóli hefur frelsi til að móta innra starf og áherslur í skólastarfinu eftir því sem uppeldisáætlun leyfir. Hér er átt við val á kennsluáðferðum, áherslum og innra skipulag skólans. Áherslur eru mismunandi og ráðast af þeirri uppeldisstefnu sem ákveðin er hverju sinni. Barnið er stöðugt í brennidepli og unnið er með alla verkþætti í samræmi við getu og þroska þess.

Í öllum leikskólunum er leikurinn helsta „kennslutæki“ leikskólakennarans og því er lögð rík áhersla á að hlúa að honum frá fyrstu tíð.

Mikið er lagt upp úr sjálfstæði, frumkvæði og sjálfsvirðingu barnanna og að gagnkvæm virðing ríki í samskiptum innan leikskólanna. Lögð er áhersla á fjölbreytilegt og skapandi leikefni og leikaðstöðu. Stuðlað er að vináttu, kurteisi og aga.

Í öllum leikskólunum er fast skipulag utan eins leikskóla þar sem uppeldisáherslur fylgja ekki fyrirfram mótaðri dagskrá.

Í sumum leikskólum er lögð áhersla á einfaldleika í leikfangavali og fá áreiti í umhverfinu meðan aðrir leggja áherslu á fjölbreytilegt leikefni.

Matsaðferðir eru mótaðar innan hvers leikskóla. Símat á innra starfi leikskólanna er í sífelldri þróun. Í sumum leikskólum er starfið endurmetið í lok hvers skólaárs meðan aðrir meta starfið jafnóðum. Allar upplýsingar nýtast á margvíslegan hátt og eru ræddar bæði á deilda- og starfsmannafundum. Í öllum skólunum er gerð könnun á hreyfifötu barnanna, svokallað MOT hreyfiproskapróf, þroskapróf AAL og málþroskaprófið Orðaskil er notað í sumum leikskólunum. Íslenski þroskalistinn er notaður í öllum leikskólunum, niðurstöður prófanna eru síðan ræddar við foreldrana. Ecers kvarðinn var einnig nýttur í nokkrum leikskólum, kvarðinn er mælitæki yfir gæði í leikskólastarfi með börnum og líðan starfsfólks í starfi. Í einum leikskólanum er öflugt skráningarkerfi notað til að meta uppeldisstarfið, niðurstöður eru ræddar tvisvar á ári á starfsmannafundum.

Skipulag

Leikskólarnir eru opnaðir kl. 7:30 á morgnana. Grunnvalartími barna er ýmist frá kl. 8:00-12:00 fyrir hádegi eða kl. 13:00-17:00 eftir hádegi. Hægt er að bæta við tíma bæði fyrir framan og aftan grunntímam. Þrír leikskólarnir voru opnir til kl.18:00, þrír til kl.18:15 og einn var opinn til kl. 17:15. Heimild er fyrir því ef ekki er eftirspurn að stytta opnunartímam um 15 mínútur í byrjun og enda dags.

Í öllum leikskólunum er eldhús og boðið er upp á morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu.

Morgunverður er á tímabilinu 8:00 til 9:00, öll börn sem eru fyrir hádegi fá morgunverð. Að morgunverði loknum tekur hefðbundið leikskólastarf við s.s. frjáls leikur, val, samverustund, hópavinna, útivera, vettvangsferðir o.s.frv. Hádegisverður er á tímabilinu 11:45 til 12:15. Eftir matinn er hefðbundið leikskólastarf, öll börn sem eru eftir hádegi fá síðdegishressingu.

Fastar vinnustundir eru á ákveðnum tímum dags. Hinn frjálsi leikur, val og hópavinna eru leiðir í uppeldisstarfinu sem leikskólarnir nota. Valkerfi, skipulagt hópastarf og vinnustundir eru í flestum öllum leikskólunum. Skipulagðar hreyfistundir eru í flestum leikskólum en í *Garðaseli* hefur verið skipulögð leikfimiáætlun um árabíl. Á *Gimli* er unnið markvisst með hegðun, samskipti og einstaklingsræktun. Í *Heiðarseli* er löng hefð fyrir fastmótuðu valkerfi, átta svæði eru í boði í valinu. Á *Hjallatúni* er leikskólanum skipt í tvær sjálfstæðar einingar er nefnast Austur- og Vesturgangur. Í hvorum gangi er svæðaskipting þar sem börnin fara frjálst á milli svæða. Á *Holti* er starfandi tónmenntakennari sem er með tónlistarstund einu sinni í hverri viku. Í *Tjarnarseli* eru vettvangsferðir, umhverfismennt og lífsgleði aðaláhersluþættir í

námskrá leikskólans. Á *Vesturbergi* er ekki hefðbundin deildaskipting heldur er leikskólanum skipt í sjö svæði og fá börnin að velja sér svæði eftir eigin vali. Hver starfsmaður sinnir sínu svæði, eina viku í senn. Í hverjum leikskóla eru skólatímar. Markmiðið er að kynna skólareglur, orð og hugtök. Flestir leikskólanna nýta sér kennsluefnið: Órtúleg eru ævintýrin og Markviss málörvun. Lögð er áhersla á að eiga skemmtilegar og fræðandi stundir.

Foreldrasamvinna er í fyrirrúmi í öllum leikskólunum.

Á árinu var enn frekar unnið að því að fjölga börnum í hádegismat og koma þannig til móts við óskir foreldra og verður haldið áfram á þeirri braut.

Leikskólar Reykjanesbæjar eru lokaðir í fimm vikur í sumarleyfi.

Starfið síðastliðið leikskólaár

Starfsáætlun

Starfið er árstíðabundið og mótast af því. Sumarmánuðurnir eru nýttir til útiveru og vettvangsferða. Starfið yfir sumarið einkennist mikið af aðlögun nýrra barna. Á veturna er mikið lagt upp úr ýmiss konar starfsemi s.s. hópastarfi, söng- og samverustundum.

Átak í umhverfismálum er orðið hefðbundið í nær öllum leikskólunum þar sem áhersla var lögð á flokkun á sorpi, endurvinnslu og notkun jarðgerðarkassa fyrir lífrænan úrgang. Í *Gardaseli* var þema ársins náttúran. Markmiðið er að efla náttúruvitund barnanna með því að fræða börnin um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Rík áhersla var lögð á samskipti og samvinnu með börnunum og þeim kennt að sýna tillitssemi og nærgætni. *Gimli* starfar eftir Hjallastefnunni. Áhersla er lögð á að kjarna, þ.e.a. sundurgreina umhverfi. Þetta kemur fram í nákvæmu og skýru starfsumhverfi. Í *Heiðarseli* er lögð áhersla á einfaldleika í umhverfinu og við val á efnivið fyrir börnin. Á fyrstu mánuðum leikskólans *Hjallaúni* var lögð áhersla á aðlögun barna og starfsfólks. Einnig var lögð áhersla á að efla tilfinningagreind og sjálfsmynd barnanna. Á *Holti* er aðaláherslan lögð á tónlist. Vettvangferðir, umhverfismennt og lífsgleði eru aðaláherslupættir í námskrá leikskólans *Tjarnarsels*. Í *Vesturbergi* er svokallað svæðaskipulag. Mikið er lagt upp úr því að börnin fái notið bernsku sinnar sem mest og best. Sjálfsákvörðunarrétti barna er sýnd virðing og trúað á getu þeirra til að vita hvað þeim kemur best. Börnin fara frjálst um húsið og val þeirra á vinnu og verkefnum er virt.

Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður

Endurmat er tekið fyrir á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Foreldraviðtöl er í öllum leikskólum. Viðhorfskönnun var gerð meðal foreldra í nær öllum leikskólum. Niðurstöður úr könnunum eru nýttar við skipulagningu starfsins í leikskólanum. Í öllum leikskólunum eru starfsmannasamtöl fastur liður í skipulagi leikskólans og hefur það tekist með ágætum. Í þessum viðtölum er kannaður m.a. hugur starfsfólks til starfsins og til þess hvort því finnist mannaður þess metinn og nýttur sem skyldi. Leikskólarnir gera ársskýrslu fyrir hvert skólaár sem stendur frá 1.september til 31.ágúst.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Í reglugerð um starfsemi leikskóla er kveðið á um að leikskólar skuli meta aðferðir um uppeldisstarf. Talsverð reynsla er fyrir hendi meðal starfsfólks leikskóla og sífellt er verið að meta starfið með börnunum. Það sem betur má fara er lagað og nýju námsefni bætt við.

Í ársskýrslum leikskólanna er að finna upplýsingar um flest sem varðar skólastarfið. Allir leikskólarnir eru að vinna við gerð skólanámskrár og er mismunandi hversu langt vinnan er komin. Bæjar- og héraðsbókasafn Reykjanesbæjar bauð leikskólunum að venju að hengja upp myndir barnanna í bókasafninu yfir sumarmánuðina.

Í *Gardaseli* var hafist handa við að endurskoða kynningarbækling leikskólans. Líkt og á fyrra ári byrjuðu leikskólarnir *Gimli* og *Holt* með skólatímana strax um haustið. Góð samvinna var milli þessara tveggja skóla og Njarðvíkurskóla en kennarar beggja skólastiganna funduðu reglulega yfir veturna til að samræma kennslu yngstu barna grunnskólans og elstu barna leikskólans. Í *Heiðarseli* var dagskipulagið fyrir heilsdagsbörnin endurskoðað og því breytt um haustið. Tölvukostur leikskólans jókst um eina tölvu á árinu. Hver deild fær að hafa afnot af tölvunni að jafnaði tvær vikur í senn. Maí var í þrótta- og umhverfismánuður. Hreyfing og umhverfi var þema mánaðarins. Á *Holti* var haldið áfram að vinna að endurvinnslu og náttúruvernd en sú vinna hófst vorið 1999. Leikskólarnir *Holt* og *Vesturberg* gerðust vinaleikskólar á árinu.

Í *Tjarnarseli* var breytt um nöfn á deildum en fyrri nöfn þóttu ekki við hæfi eftir að starfsemin komst undir eitt þak. Breyting var gerð á dagskipulagi. Tölvur voru settar inn á allar deildir skólans, börnunum til gagns og gamans. Ákveðið var að næst elstu börn skólans færu í skólagarðana á sumrin í stað elstu barnanna. Tilgangurinn var að þau fengju að njóta uppskerunnar að hausti. Með tilkomu salarins var ákveðið að hefja markvisst hreyfinám í leikskólanum. Leitað var til íþróttakennara til að ýta þeirri framkvæmd af stað. Leikskólakennurum úr vinaleikskólanum Arnarsmára var boðið að sitja deildarstjórafundi í leikskólanum. Í *Vesturbergi* var stöðugt verið að endurmeta uppeldisstarfið. Vel þótti takast til með þemaverkefni sem þriðja árs nemar úr KHÍ stjórnðu og var ákveðið í framhaldi af því að skipta barnahópnum upp í litla hópa þar sem hópstjóri ber ábyrgð á hópnum. Inn í samveruhópna fléttast hinar hefðbundnu leynistaðferðir og fagnaðarfundir.

Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.

Farið var í vettvangsferðir um nágrenni leikskólanna s.s.

Stytttri kynnisferðir:

Tölvuskóla Suðurnesja, skrudgarðinn, lögreglustöðina, slökkvistöðina þar sem söngvarinn KK skemmti með söng og hljófæraslætti. Bergið/smábátahöfnina, pósthúsið, tannlæknastofur, Reiðhöllina, Íþróttahús Keflavíkur, Glóðina þar sem boðið var upp á kakó og kökur, Reykjaneshöllina, Grænás, Barnalund, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Lengri ferðir:

Fiskimarkað Suðurnesja, Fræðrasetrið, Ný-vídd og Listasmiðjuna í Sandgerði, Grindavík - gengið um fjöruna, Sæfiskasafnið í Höfnum, Bláa lónið – farið í sund og fl.

Menningarviðburðir:

- Bókasafnið var með skipulagðar sögustundir.
- Tónlistarskólarnir buðu upp á árlega kynningu á starfsemi skólanna.
- Grunnskólarnir heimsóttir - börnin fengu að fylgjast með í kennslustundum.
- Leik- og grunnskólarnir í nágrenni byggðarlögum heimsóttir.
- Kirkjuferðir í tengslum við jólahátíðina.
- Leiksýningar: Leikhópurinn 10 fingur - Jólaleikur. Trjálfur skógarálfur kom í heimsókn í einn leikskólann. Möguleikhúsið með Hvar er Stekkjarstaur? og leikritið – Lóm. Leiksýning í tösku sem Þórdís Arnljótsdóttir flutti um Grýlu og jólasveinana. Brúðuleikhús Brents Orgodnik- Pönnukakan hennar Grýlu,
- Byggðasafn Suðurnesja og Byggðasafn Innri-Njarðvíkur - gluggað í liðna tíð.
- Stekkjarkot - kynning á fornum búskaparháttum.
- Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember, dagskrá helguð Jónasi Hallgrímssyni. Elstu börnin í leikskólunum komu saman í Frumleikhúsinu og fluttu ýmis skemmtiatriði við mikinn fögnuð viðstaddra.

Aðrar skemmtanir:

- Haldið er upp á þorrann, bollar-, sprengju- og öskudaginn með mismunandi hætti. Þá voru ýmsar aðrar skemmtanir haldnar s.s. fjölskyldudagur, jólaball, sumarhátíð, grillveisla og skemmtikraftar heimsóttu leikskólana og héldu sýningu. Í einum leikskólanum voru haldnir fagnaðarfundir með erlendu yfirbragði það voru danskar, amerískar, enskar, franskar og afrískar vikur.
- Fjölskylduhátíðin var haldin 15. maí á alþjóðlega fjölskyldudeginum í Reykjaneshöllinni
- Útskriftarferð með elstu börn leikskólans er árviss viðburður. Farið er í dagsferð.

Kynning á leikskólanum út á við:

Annars árs nemar úr fjarnámi KHÍ komu og kynntu sér þær hugmyndir sem unnið er eftir í Vesturbergi. Fleiri komu til að kynna sér stefnu leikskólans s.s. starfsfólk leikskóla á Akureyri, úr Grindavík og frá Reykjalandi.

Starfsmenn

Stöðugildi

Stöðugildi í leikskólum Reykjanesbæjar í október 2000 voru 94,95 þar af voru 29,94 stöðugildi leikskólakennara. Ræsting er ekki meðtalin. Starfsmenn voru alls 120 þar af 34 leikskólakennarar.

Fundir

Starfsmannafundir voru haldnir einu sinni í mánuði utan vinnutíma. Hluti þessara funda er oft nýttur til deildafunda í nokkrum leikskólum. Efni fundanna er mismunandi. Dæmi um fundarefni er að leikskólakennarar kynna ýmis valin efni fyrir hópnum. Á starfsmannafundi eru stundum fengnir fyrirlesarar. Fundir eru skráðir í fundagerðabækur.

Deildarfundir voru almennt haldnir einu sinni í mánuði. Dæmi um fundarefni er að koma saman og ræða ákveðin mál sem upp koma hverju sinni, vinnutilhögun á deildum, samræmingu og samskipti eða útfærslu á verkefnum. Einnig er rætt um einstaka barn eða hópinn sem heild.

Deildarstjórafundir voru haldnir, í flestum leikskólum, einu sinni mánuði. Á þessum fundum er rætt um heildarmarkmið leikskólans og starfsemina í heild. Upplýsingum er komið á framfæri og tengsl milli deilda eru styrkt.

Leikskólakennarafundir voru haldnir einu sinni í mánuði í flestum leikskólunum. Leikskólastjóri stýrir leikskólakennarafundum og er þar komið á framfæri upplýsingum er fram koma á milli starfsmannafunda og sameiginlegar ákvarðanir teknar fyrir allan leikskólann. Á þessum fundum er allt faglegt starf leikskólanna skipulagt og endurmetið.

Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra voru haldnir eftir þörfum. Þar voru ræddar ýmsar ákvarðanir vegna starfsmanna, barna og foreldra eða reksturs leikskólans almennt. Stjórnunartími aðstoðarleikskólastjóra fer eftir stærð leikskóla þ.e.a.s. visst prósentuhlutfall af vinnuskyldu utan deilda.

Undirbúningstímar leikskólakennara eru 4 klst. á viku miðað við fullt starf en leikskólakennarar með deildarstjórn hafa 5 klst. á viku miðað við fullt starf. Leiðbeinendur fá 2 klst. á viku miðað við fullt starf. Tímarnir eru nýttir til ýmiss konar vinnu- og starfsáætlunargerðar. Í einum leikskóla skila starfsmenn skýrslu til leikskólastjóra með upplýsingum hvernig tíminn var nýttur. Undirbúningstímar eru hluti af vinnutíma.

Fundir vegna leik- og grunnskóla, Brúum bilið, voru reglulega í vetur með leikskólafulltrúa, árgangastjóra 1. bekkjar í Njarðvíkurskóla ásamt fulltrúum frá Gimli og Holti.

Skóla- og fræðsluráð er stjórnarnefnd leik- og grunnskólanna, hún mótar ýmsar reglur um leikskólamál og fjallar um þau erindi sem henni berast. Nefndin gerir tillögur til bæjarráðs um ýmis mál er varðar leikskólana. Formaður nefndarinnar er Björn Bjarnason. Fulltrúi starfsfólks leikskólanna og foreldra eiga fulltrúa í nefndinni. Þeir fulltrúar eru með málfrelsi og tillögurétt en hafa ekki atkvæðisrétt. Alls sex fundir voru haldnir varðandi leikskólana á skólaárinu.

Skipulags- og námskeiðsdagar

Skipulagsdagar voru þrír. Einn þeirra er á fyrsta degi eftir sumarfrí. Á skipulagsdögum skipuleggur starfsfólk starfið framundan og forgangsöröðun verkefna er ákveðin. Á skipulagsdögum eru iðulega fengnir fyrirlesarar. Starfsmenn leikskólans Gimli fóru í náms- og kynnisferð til Spánar. Heimsóttir voru leik- og grunnskólar International Los Duerdes og Nido og grunnskólann Den Norske Skole Costa Blanca. Starfsmenn leikskólans Tjarnasels fóru einnig í náms- kynnisferð til Ítalíu. Heimsóttir voru fjórir leikskólar Giacosa, Stoppani, Crecennazago og Feltre. Starfsmenn leikskólanna skiluðu inn skýrslu til Skólaskrifstofunnar þar sem sagt er frá ferðunum. Leikskólastjórar skila til leikskólafulltrúa yfirliti yfir vinnu á skipulagsdögum.

Leikskólarnir eru lokaðir á skipulagsdögum og er það auglýst með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Fyrirlesarar á skipulagsdögum voru:

Gylfi Jón Gylfason, sálfræðingur – Vaskir strákar og stilltar stúlkur - Líðan í starfi – Ofvirkni, hvatvísi, athyglisbrestur.

Guðbjörg Guðjónsdóttir – Heimspeki með börnum.

Kristín Helgadóttir, leikskólakennari – Viðtalstækni.

Kristín Dýrfjörð, lektor – Námskrángerð og mikilvægi tengslamyndunar í leikskólum.

Mínerva Alfreðsdóttir, leikskóla- og íþróttakennari – Heilsa og hreyfing.

Halldór Gísli Bjarnason – Íþróttaskólann inn í leikskólann – Markviss hreyfipjálfun.

Börn

Fjöldi barna

Í október 2000 dvöldu samtals 547 börn í leikskólum Reykjanesbæjar. Í heilsdagsdvöl voru börnin 189 og í hálfisdagsdvöl voru 358 börn.

Börn fædd árið:	1995 voru	175
	1996 voru	160
	1997 voru	159
	1998 voru	53
	1999 voru	0

Í október 2000 voru 365 börn á biðlista eftir leikskóladvöl þar af 143 eins árs og 52 á fyrsta ári. Samanlögð barngildi voru 641,6 og dvalarstundir 3.306.

Sérkennsla

Alls tuttug og átta börn fengu sérkennslu í leikskólum bæjarins en þessi börn eru alfarið í almennum deildum leikskólanna, einnig þau sem eru mikið fötluð. Þegar börn hafa verið greind með veruleg þroskafrávik er komið til móts við viðkomandi barn með því að bæta við starfsmanni á deild, hluta dvalartímans. Unnið er eftir reglum við úthlutun á stuðningstímum sem samþykktar eru af Skóla- og fræðsluráði og bæjarráði Reykjanesbæjar. Reglurnar byggja á fimm flokkum og hverjum flokki er lágmarks og hámarks tímafjöldi. Fyrstu þrjú flokkarnir eru fyrir fötluð börn, fjórði flokkurinn er fyrir ofvirk börn og börn sem eiga við félags- og tilfinningaerfiðleika að stríða. Fimmti flokkurinn er ætlaður fyrir úthlutun stuðningstíma á tiltekna deild eða leikskóla. Með þessum reglum er verið að koma til móts við sérþarfir barna bæði fatlaðra og barna sem ekki flokkast undir það að vera fötluð en þurfa engu að síður stuðning til lengri eða skemmri tíma. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir hvert sérkennslubarn.

Einu sinni í mánuði fundar leikskólafulltrúi með sér-/stuðningskennurum. Farið er yfir gerð einstaklingsnámskrár og sérfræðingar Skólaskrifstofunnar flytja fyrirlestra.

Foreldrasamstarf

Áherslur og markmið

Foreldrafélög eru starfrækt í öllum leikskólum. Foreldrafélag leikskólans Hjallatúns var stofnað 21. maí 2001. Félagar eru foreldrar eða forráðamenn barna í leikskólanum. Markmið félagsins eru að vinna að velferð barna, efla hag leikskólans og koma á sem bestu sambandi milli leikskólans og heimila barna. Foreldrar eru ávallt velkomnir að dvelja með börnum sínum og taka þátt í starfinu þegar þeir vilja.

Foreldrafundir

Foreldrarfundir gegna þýðingarmiklu hlutverki í leikskólunum. Foreldrarnir kynnast starfsfólkinu, leikskólanum og hverjir öðrum. Foreldrafundir eru haldnir einu til þrisvar sinnum á ári. Á haustfundum fengu foreldrar kynningu á starfseminni eins og hún er hverju sinni. Þessir fundir voru ýmist sameiginlegir fyrir allan leikskólann eða fyrir hverja deild. Kynningarfundir með nýjum foreldrum eru haldnir að vori.

Um vorið voru grillveislur í öllum leikskólum bæjarins og var foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum boðið að taka þátt í veislunni.

Við inngang á hverri deild er tafla þar sem daglega eru skráðar upplýsingar er varða ferðir, verkefni, val, matseðil vikunnar o.fl.

Foreldraviðtöl, fréttabréf

Á hverjum vetri, eru foreldrar boðaðir í viðtöl vegna barna sinna. Þar gefst foreldrum tækifæri til að ræða um barnið í fyllsta trúnaði. Foreldrar fá upplýsingar um stöðu barnsins í þroska og hvernig því vegnar í hópnum með félögum. Þegar barnið byrjar í leikskólanum eru foreldrarnir boðaðir í viðtal hjá viðkomandi leikskólakennara og leikskólastjóra. Stefna leikskólans er kynnt fyrir foreldrum og þeir fá innsýn í starfið.

Aðlögun barns er einn þáttur í uppeldisstarfi í leikskólanum og skiptir máli fyrir nýja barnið og foreldra þess. Auk þess skiptir það máli að vel takist til með kynni nýja barnsins við hópinn og starfsfólk á deildinni. Hversu marga daga foreldrið er með barninu ræðst af barninu sjálfu og foreldrum þess.

Fréttabréf voru gefin út í öllum leikskólunum. Markmið með fréttabréfi er að tryggja að allir foreldrar fái sömu upplýsingar frá leikskólanum. Í fréttabréfunum er komið á framfæri ýmsum upplýsingum um það sem er á döfinni hverju sinni t.d. breytingar á starfsmannahaldi, þemu, ferðir og skemmtanir.

Opið hús - opin vika

Flest allir leikskólarnir buðu foreldrum og aðstandendum barnanna í svo nefnt „opið hús.“ Á „opnu húsi“ er haldin sýning á verkum barnanna og fjöldkyldurnar taka þátt í hátíð í leikskólanum með leikjum, söng og gamni. Slíkir fundir efla ánægjulegt samstarf heimila og skóla.

Foreldrafélög

Foreldrafélög eru starfandi við leikskólana og er starf þeirra nokkuð mismunandi í hinum ýmsu leikskólum. Markmið hvers félags er að efla tengsl foreldra við leikskólann og samskipti milli þeirra um málefni hans. Foreldrafélögin styrkja starfsemi leikskólanna með ýmsu móti s.s. jólaskemmtunum, útgáfu söngbókar, kökubasar, útbúa boli og húfur í fjáröflunarskyni, halda sölusýningu á myndverkum barnanna, kaupa ýmis leiktæki og áhöld og taka bæði þátt í og standa fyrir vorferðalögum barnanna. Foreldrafélögin hafa einnig staðið fyrir fyrirlesturum á fundum félagsins.

Fyrirlesari var: Kristín Hildur Ólafsdóttir, lektor – Myndsköpun barna.

Samstarf - fræðsla - ráðgjöf

Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila

Skólaskrifstofa Reykjanesbæjar sinnir ráðgjöf og eftirliti með leikskólum Reykjanesbæjar.

Starfsmaður leikskóladeildar er leikskólafulltrúi í 100% starfi. Starfsmaður bæjarskrifstofunnar sér um innritun barna í leikskólana. Gjaldkeri sér um færslur vegna leikskólagjalda. Sálfræðingar og talmeinafræðingur sinna börnum í leikskólunum eftir þörfum með ráðgjöf og greiningu.

Leikskólar fá einnig ráðgjöf frá Greiningarstöð ríkisins, Þroskahjálpa á Suðurnesjum og Leikfangasafni. Þá er samstarf við ýmsa aðila á vegum bæjarins s.s. skrifstofu, tæknideild, garðyrkjudeild, áhaldahús og Fjölskyldu- félagsþjónustu.

Leikskólafulltrúi hélt mánaðarlega fundi með leikskólastjórum. Fundarefni voru fagleg og rekstrarleg mál, einnig starfsmannamál. Leikskólafulltrúi fundar einnig mánaðarlega með sér-/stuðningskennurum. Fundarefni voru sérkennslumál. Leikskólafulltrúi og leikskólastjórar halda fagfundum mánaðarlega. Fundarefni vetrarins var lestur bókarinnar Tilfinningagreind eftir Daníel Goleman. Að öðru leyti er samstarf eftir þörfum. Leikskólastjórar af Suðurnesjum ásamt leikskólafulltrúa funda þrisvar til fjórum sinnum á ári.

Nemar

Við Kennaraháskóla Íslands, leikskólaskor, stunduðu nú nemendur nám frá Reykjanesbæ, þar af voru fimm í fjarnámi. Í dagskóla var einn á fjórða ári. Einn fjarnámsnemi var á fyrsta ári, einn á öðru ári og þrír á fjórða ári. Í diplómanámi voru þrír nemendur.

Samtals voru 5 nemar úr leikskólaskor KHÍ í verknámi í leikskólum Reykjanesbæjar á sl. starfsári. Garðasel var með tvo fjarnámsnema, annan á fjórða ári og hinn í diplómanámi. Hjallatún var með einn fjarnámsnema á þriðja ári og ein kanadísk stúlka var í starfskynningu á vegum Snorraverkefnisins. Tjarnarsel var með einn fjarnámsnema á þriðja ári. Vesturberg var með tvo fjarnámsnema, einn á þriðja ári og einn á fyrsta ári.

Samstarf við grunnskóla

Samstarf milli leikskóla og grunnskóla er komið í nokkuð fastar skorður. Misjafnt er þó hversu mikil þessi samvinna er eða í hvaða formi. Námskeiðið Brúum bilið var haldið um haustið.

Gagnkvæmar heimsóknir eru milli yngstu nemenda grunnskólans og elstu barna leikskólans. Frá áramótum höfðu börnin í skólahóp unnið ýmis verkefni sérstaklega ætluð til undirbúnings náms í grunnskólanum. Tveir leikskólar, Gimli og Holt byrjuðu með börnin í september í skólahóp í samvinnu við grunnskólann. Sumir leikskólarnir eru þannig settir að elsti barnahópurinn skiptist í tvo og jafnvel þrjá grunnskóla sem gerir samvinnu flóknari.

Leikskólafulltrúi og sérkennslufulltrúi grunnskóla veita upplýsingar til grunnskólanna vegna barna sem eru að byrja í grunnskóla og hafa fengið sérkennslu í leikskóla.

Fyrirlestrar, námskeið, ráðstefnur og fl.

Eftirfarandi fyrirlestrar og námskeið voru haldin á vegum Skólaskrifstofunnar:

- Innra mat á leikskólum. Skólaskrifstofa 28. og 30. september.
- Brúum bilið III hluti. Skólaskrifstofa 12. og 19. október.
- Tilkynningaskylda til barnaverndarnefndar. Fyrirlesarar voru Rannveig Einarsdóttir og María Gunnarsdóttir, félagsráðgjafar. Skólaskrifstofa 21. nóvember.
- Námskeið fyrir nýtt starfsfólk í leikskólum – Hjallatún. Fyrirlesarar voru Guðríður Helgadóttir, leikskólafulltrúi og Hrafnhildur Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi. Skólaskrifstofa 4. og 5. desember.
- Starfsánægja, stöðugleiki og starfsgleði. Fyrirlesarar voru Anna Sigurðardóttir og Þórdís Guðmundsdóttir. Skólaskrifstofa 29. mars.
- Að þjálfaðra. Fyrirlesari var Þór Garðar Þórarinnsson. Skólaskrifstofa 17. og 18. maí.
- Vinnufélagarýni I hluti. Fyrirlesari var Þór Garðar Þórarinnsson. Skólaskrifstofa 31. ágúst.

Önnur námskeið sem leikskólakennarar og leiðbeinendur sóttu voru:

- Kjarnanámskeið fyrir leiðbeinendur í leikskólum I. hluti, II. hluti og III. hluti. MSS. Haldið sept./okt., feb./mars og apríl, alls 74 kennslustundir.
- Samskipti á kvennavinnustað. Fyrirlesari Þórkatla Aðalsteinsdóttir. MSS 19. september.
- Excel tölvureiknir, 2.-11. október. Tölvuskóli Suðurnesja.
- Starfsþjálfunarnámskeið fyrir leiðbeinendur í leikskólum. MSS 15.- 20. desember.
- Konur í kjafti karla. Vegsauki þekkingarklúbbur. Grand hótél, haldið 22. janúar.
- Einhverfa og skyldar þroskaraskanir, 22. og 23. febrúar. Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.
- Skjalastjórnun/persónuupplýsinga, 23. febrúar. Hjalltún
- Brunavarnir, 14. mars. Brunavarnir Suðurnesja.
- Tölvunámskeið, mars og apríl. MSS.
- Kynning á einstaklingsnámskrágerð, 8. maí.

Námskeið á vegum KHÍ og Endurmenntunarstofnunar Háskólans sem starfsfólk leikskólanna sóttu:

- Fyrstu skrefin á netinu. Umsjón Kristín Guðmundsdóttir. Haldið 6. og 7. nóvember.
- Heimspeki, 23.-24. október. Fyrirlesari var Sigurjón Björnsson, heimspekingur.
- Tákn með tali. 10 og 11. nóvember. Umsjón: María Hildipórsdóttir, sérkennari og Signý Einarsdóttir, talmeinafræðingur.
- Viðtalstækn – að ná árangri með samtölum. Fyrirlesari var Sigtryggur Jónsson, febrúar.
- Kertagerð. Kennari Helga Björg Jónasardóttir, 20. febrúar.
- Námskrágerð í leikskóla. haldið 28. - 31. maí. og 2.- 5. apríl.
- Tilfinninga- og hegðunarörðugleikar í grunn- og leikskóla, haldið 15. og 17. ágúst.

Ráðstefnur og málþing sem leikskólakennarar sóttu:

- Barnið í brennidepli. Borgarleikhúsið, 3. og 4. september 2000.
- Rannsóknir – nýbreytni – þróun, 14. október.
- Gaggala tutti. Akureyri, 8. júní 2001.
- Þroska- og hegðunarfrávik barna – frá greiningu til meðferðar, 10. og 11. maí. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Lokaorð

Hjá leikskólum Reykjanesbæjar vinnur fjöldi hæfra starfsmanna sem öll starfsemin byggir á. Leikskólastjórar gera sér vel ljóst mikilvægi þess að starfsfólkið sé ánægt og líði vel í starfi.

Leikskólastarfið hefur gengið vel á síðastliðnu starfsári þrátt fyrir erfiðleika í starfsmannahaldi. Þjálfun nýrra starfsmanna hefur valdið álagi á leikskólastjóra, deildarstjóra og á starfsemina í heild. Mest mæðir þó á leikskólastjórum sem hafa staðið sig mjög vel og tekist að halda uppi gæðastarfi.

Erfiðlega reyndist að ráða starfsfólk í leikskólana síðastliðið haust og margir starfsmenn stóðu stutt við í leikskólunum. Veikindi og fjarvistir starfsmanna sköpuðu einnig mikið vandamál. Ástæður þessa var m.a. þensla og mikið framboð á vinnumarkaði. Þrátt fyrir þessa erfiðleika hafa kraftmiklir leikskólastjórar og öflugir starfsmannakjarnar haldið uppi góðu og faglegu starfi í leikskólunum.

Einn nýr fjögurra deilda leikskóli bættist við á árinu, Hjallatún við Vallarbraut og tók hann til starfa í byrjun ársins. Leikskólinn er staðsettur miðsvæðis í bænum. Leikskólinn er fjögurra deilda og 659,8m² að stærð. Hönnuður hússins er Kristinn Ragnarsson, arkitekt. Leikskólinn rúmar 100 börn samtímis. Leikskólastjóri er Gerður Pétursdóttir.

Starfsmenn tveggja leikskólar fóru til útlanda til að skoða og kynnast starfsemi leikskóla á Ítalíu og á Spáni. Voru ferðirnar hinar ánægjulegustu en skýrslur og upplýsingar um ferðirnar liggja fyrir í leikskólunum og á Skólaskrifstofunni.

Allir leikskólarnir vinna að skólanámskrágerð samkvæmt aðalnámskrá leikskóla og er sú vinna komin vel á veg. Viðhorfskannanir eru einnig gerðar annars vegar hjá foreldrum og hins vegar hjá starfsmönnum. Tilgangur viðhorfskannana er að fá fram álit bæði hjá foreldrum og starfsmanna til leikskólastarfs, sem getur síðan nýst til þess að efla faglegt starf leikskólanna.

Starfsmannasamtöl hafa verið til margra ára fastur liður í starfsemi leikskólanna og almenn ánægja virðist ríkja meðal leikskólastjóra og starfsmanna með samtölin.

Biðlisti eftir leikskóladvöl er minni en undanfarin ár og má þakka það tilkomu nýs leikskóla. Eftirspurn eftir heilsdagsrýmum hefur enn aukist. Mikil ásókn er í lengingu á vistun fyrir börn sem eru í 5 og 6 klst. Áhyggjuefni er hversu langan dag börnin eiga í skólanum en ekki er óalgengt að börn dvelji í 9-10 stundir í leikskólanum á dag.

Leikskólunum var lokað í fimm vikur í sumarleyfi og var sá tími nýttur til viðhalds og framkvæmda.

Umhirða trjágróðurs og beða hefur verið nokkrum vandkvæðum bundið sl. tvö ár. Ef horft er til framtíðar þá þarf að huga vel að þessum þætti og hlú að þeim gróðri sem fyrir er, auk þess að gróðursetja ný tré þar sem við á en umfram allt verður skipulagning umhirðunnar að vera í lagi. Það er von okkar að bærinn sjái til þess að trjágróður á lóðum leikskólanna leggist ekki af.

Enn sem fyrr sótti starfsfólk mörg námskeið sem haldin voru á vegum Skólaskrifstofunnar og er almenn ánægja með þau. Starfsþjálfunarnámskeið fyrir leiðbeinendur í leikskólum sem haldið er í samvinnu við MSS var haldið í þriðja skiptið og er það án efa besta leiðin til að hvetja leiðbeinendur í leikskólunum til frekara náms í leikskólafræðum.

Samantekt úr ársskýrslum leikskólanna.

Gert í apríl 2002.

Guðríður Helgadóttir, leikskólafulltrúi.